

Skipulag

Kennsluteymi yngsta stigs er þannig skipað: Harpa Þ. Hólmgrímsdóttir teymisstjóri, harpa@thingskoli.is , Anna Gerður Guðmundsdóttir umsjónarkennari, annag@thingskoli.is , Berglind Gunnarsdóttir umsjónarkennari, berglind@thingskoli.is , Berglind Júlíusdóttir kennari berglindjul@thingskoli.is, Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir sérkennari helga@thingskoli.is, Aðalbjörn Jóhannsson stuðningsfulltrúi adalbjorn@thingskoli.is, Sunna Sæmundsdóttir stuðningsfulltrúi sunna@thingskoli.is

Heimastofur stigsins er í 6. og 7. stofu.

Námsgögn

Bækur og námsgögn fá nemendur sér að kostnaðarlausu í skólanum.

Námsmat

Námsmat í Pingeyjarskóla er samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla og þær kröfur sem gerðar eru við útskrift úr grunnskóla. Við einkunnagjöf í annarlok er notaður kvarðinn A, B+, B, C+, C og D. Gefin er heildareinkunn og umsögn fyrir hverja námsgrein. Innan hvernar námsgreinar er hægt að gefa fyrir hvern þátt greinarinnar en ekki er víst að gefið sé fyrir alla þætti á hverri önn og getur það verið mismunandi milli námsgreina og námshópa. Einkunnin B+ merkir að nemandinn hefur náð meginþorra viðmiða B og hluta þeirra viðmiða sem liggja til grundvallar einkunninni A. Það sama á við um C+.

Fyrir nemendur sem stunda nám sitt að fullu eða að hluta eftir einstaklingsnámskrá í samræmi við metnar sérparfir eru einkunnirnar A, B, C eða D stjórnúmerktar* og er gerð grein fyrir frávikum frá námskrá í hverju tilviki fyrir sig.

Kvarði	Námssvið
A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.

C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.

Lykilhæfni

Bekkur: 5.-7. bekkur

Lykilhæfni er tengd öllum námssviðum. Hún snýr m.a. að því að efla sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og getu þeirra til að nýta styrkleika sína til framtíðar í námi og starfi.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 5. bekkur	Hæfniviðmið/markmið 6. bekkur	Hæfniviðmið/markmið 7. bekkur
Tjáning og miðlun	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum. ● Gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni. ● Hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í 	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum. ● Gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni. ● Hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í 	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum. ● Gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni. ● Hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í

	<p>máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni. 	<p>máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni. 	<p>máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni.
<p>Skapandi og gagnrýnin hugsun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna. • Áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum. • Skilgreint viðmið um árangur. • Vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt. • Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt. 	<p>Spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum. • Skilgreint viðmið um árangur. • Vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt. • Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> • Spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna. • Áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum. • Skilgreint viðmið um árangur. • Vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt. • Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.

<p>Sjálfstæði og samvinna</p>	<ul style="list-style-type: none"> ● Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það. ● Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum. ● Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína. ● Haft á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi. ● Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla. ● Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það. ● Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum. ● Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína. ● Haft á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi. ● Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla. ● Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það. ● Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum. ● Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína. ● Haft á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi. ● Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla. ● Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.
<p>Nýting miðla og upplýsinga</p>	<ul style="list-style-type: none"> ● Tjáir sig skýrt og áheyrilega. ● Hlustar af athygli. ● Tekur þátt í leikrænni tjáningu og spuna. ● Tekur þátt í umræðum. 	<ul style="list-style-type: none"> ● ● Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám. ● Notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.

	<ul style="list-style-type: none"> • Á góð samskipti, hlustar, gætir tungu sinnar og sýnir viðeigandi kurteisi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda. • Sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.
Ábyrgð og mat á eigin námi	<ul style="list-style-type: none"> • Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi. • Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. • Skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár. 	<ul style="list-style-type: none"> • Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi. • Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. • Skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár. 	<ul style="list-style-type: none"> • Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi. • Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. • Skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Námsgrein: Íslenska

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Íslenskukennsla er að hluta sambætt við aðrar námsgreinar, aðallega náttúru- og samfélagsgreinar og upplýsingamennt. Lögð er áhersla á að kunnátta í málfræði og stafsetningu nýtist við ritun.

Lestur er mikilvægur og yndislestur er hluti af skóladeginum. Nemendur þjálfa upplestur og lesskilning.

Skipulagið gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni og því er lögð áhersla á hópavinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Námsgögn:

Bókaflokkurinn *Orðspor 1-3* er heildstætt námsefni í íslensku á miðstigi. *Flökkuskinna, Söguskinna og Töfraskinna - bókmenntir fyrir miðstig*. Yndislestrarbækur, hljóðbækur eftir þörfum. *Fyrsti, Annar og Þriðji Smellur - æfingabækur í læsi og lesskilningi*. Fjölbreytt verkefni sem þjálfa málfræði og stafsetningu.

Námsmat:

Fylgst er reglulega með framförum í lestri. Nemendur taka prófið *Lesfimi* þrisvar sinnum á vetri og lesskilningur er mældur með *Orðarún*. Símat á vinnubrögðum, virkni og verkefnum. Kannanir úr málfræði og einstökum efnisþáttum íslensku.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið – 5. bekkur	Hæfniviðmið/markmið – 6. bekkur	Hæfniviðmið/markmið – 7. bekkur
Talað mál hlustun og áhorf.	Nemandi: Tjáir sig skýrt og áheyrilega. Hlustar af athygli. Tekur þátt í leikrænni tjáningu og spuna. Tekur þátt í umræðum. Á góð samskipti, hlustar, gætir tungu sinnar og sýnir viðeigandi kurteisi.	Nemandi: - Getur tjáð sig skýrt og áheyrilega og sagt skipulega frá. - Getur hlustað af athygli, skilið og greint frá aðalatriðum. - Getur tjáð hugmyndir sínar og reynslu. - Tekur þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. - Á góð samskipti, hlustar, gætir tungu sinnar og sýnir viðeigandi kurteisi.	Nemandi: - Hlustar af athygli og beitir þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greinir frá aðalatriðum. Tjáir eigin skoðanir og tilfinningar og heldur athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar. Nýtir sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt. Tekur þátt í samræðum og rökræðum og fylgir viðeigandi reglum. Á góð samskipti, hlustar, gætir tungu sinnar og sýnir viðeigandi kurteisi.

<p>Lestur og bókmenntir.</p>	<p>Nemandi: Les/hlustar á mismunandi bókmenntatexta. Nær góðum leshraða við lestur fjölbreytts texta. Getur fundið og útskýrt persónugervingu í ljóðum. Þekkir hugtök í bragfræði s.s. stuðla, höfuðstafi og rím. Les sér til ánægju og fróðleiks. Byr yfir hæfni til að lesa og túlka texta. Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir. Dregur út aðalatriði og endursegir efni. Nýtir sér hugtökin upphaf, miðja og endir við ritun. Vinnur með persónusköpun, umhverfi og tíma. Kynnist því að skrifa mismunandi stíl sem hentar efni og viðtakendum. Les úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum.</p>	<p>Nemandi: - Les texta við hæfi með góðum leshraða og af skilningi. - Þekkir bókmenntafræðileg hugtök, s.s. rím og ljóðstafi. - Getur valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. - Byr yfir hæfni til að lesa og túlka texta. - Öðlist góðan lesskilning, orðaforða og málskilning. - Lesi/hlusti sér til ánægju og fróðleiks og geti gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann. - Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir. - Getur aflað upplýsinga úr bókum og af Netinu og unnið úr þeim. - Dregur út aðalatriði og endursegir efni. - Nýtir sér hugtökin upphaf, miðja og endir við ritun. - Vinnur með persónusköpun, umhverfi og tíma. - Kynnist því að skrifa mismunandi stíl sem hentar efni og viðtakendum.</p>	<p>Nemandi: Les texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, leggur mat á hann og túlkar. Beitir nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða; rími, ljóðstöfum, hrynjandi, líkingum og boðskap. Velur sér fjölbreytt lesefni og les sér til ánægju og fróðleiks. Notar þekkingu og reynslu ásamt orðaforða við lestur og skilning á texta. Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir. Aflar upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, nýtir við lausn verkefna og leggur mat á trúverðugleika upplýsinga. Dregur út aðalatriði og endursegir efni. Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorn, söguvið og boðskap. Les og vinnur úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum.</p>
<p>Ritun</p>	<p>Nemandi: Skrifar læsilega eftir forskrift.</p>	<p>Nemandi: - Skrifar læsilega og af öryggi.</p>	<p>Nemandi: Skrifar læsilega og af öryggi.</p>

	<p>Notar reglurnar um n/nn. Notar reglurnar um stóran og lítinn staf (sérnöfn/samnöfn). Notar regluna um ng/nk. Semur texta á blað og/eða í tölvu og tjáir hugmyndir sínar og reynslu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Nýtir þekkingu á upphafi, meginmáli og niðurlagi í ritun. - Gengur frá texta og nýtir sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun. - Notar regluna um tvöfaldan samhljóða. - Notar regluna um stóran/lítinn staf (landaheiti, tungumál, þjóðaheiti, vikudagar). - Notar y regluna. - Notar Hv- og kv regluna - Notar greinarmerki á réttan hátt, s.s. punkt og spurningarmerki. - Getur samið texta út frá eigin hugmyndum. 	<p>Nýtir þekkingu á upphafi, meginmáli og niðurlagi í ritun. Gengur frá texta og nýtir sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun. Notar regluna um stóran/lítinn staf (landaheiti, tungumál, þjóðaheiti, vikudagar). Notar regluna um tvöfaldan samhljóða. Notar y regluna. Skrifar texta á tölvu og beitir helstu aðgerðum í ritvinnslu á þann hátt sem hæfir tilefni. Semur texta þar sem beitt er eigin sköpun og kynnir ritunina fyrir öðrum. Kann að vísa til heimilda. Skrifar texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.</p>
Málfræði	<p>Nemandi: Kunni stafarófið og geti raðað í stafrófsröð. Þekki sérhljóða og samhljóða. Þekkir tíðir sagna. Þekkir helstu einkenni no, kyn, tölu og fall Þekkir helstu einkenni lo, kyn, tala, fall og stigbreyting.</p>	<p>Nemandi: - Áttar sig á hvernig tungumálið skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð - Þekkir helstu einkenni no, kyn, tölu og fall Þekkir helstu einkenni so, tíðir og nafnhátt. - Þekkir helstu einkenni lo, kyn, tala, fall og stigbreyting.</p>	<p>Nemandi: Þekkir helstu einkenni sagnorða. Þekkir helstu einkenni lýsingarorða. Þekkir helstu einkenni nafnorða. Þekkir helstu einkenni fornafna. Notað fjölbreyttan orðaforða í ræðu og riti og gert sér grein fyrir margræðni orða og skapað ný orð.</p>

	<p>Notað fjölbreyttan orðaforða í ræðu og riti</p> <p>Flettir upp orðum eftir stafrófsröð og nýtir sér upplýsingar úr orðabókum.</p> <p>Nýtir sér íslenska málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</p>	<p>- Notað fjölbreyttan orðaforða í ræðu og riti og gert sér grein fyrir margræðni orða</p> <p>- Nýtir sér orðaforða sinn til að skapa ný orð.</p> <p>- Gengur frá texta og nýtir sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun.</p> <p>-Nýtir sér íslenska málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.</p>	<p>Notar orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli.</p> <p>Nýtir sér orðaforða sinn í orðmyndun.</p> <p>Sýnir færni í að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum.</p> <p>Hefur kynnst muninum á málsgreinum, setningum og efnisgreinum.</p> <p>Hefur náð nokkurri færni í greinarmerkjasetningu.</p> <p>Nýtir sér málfræðikunnáttu sína við ritun og stafsetningu.</p>
--	--	--	---

Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur: 5.-7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í stærðfræði er beitt beinni kennslu, sýnikennslu, einstaklingsvinnu og samvinnunámi. Nemendur vinna að hluta eftir einstaklingsmiðuðum áætlunum.

Námsgögn:

Til grundvallar er bókaflokkurinn *Stika 1-3*. Viðbótarverkefni fyrir einstaklinga og hópa.

Stærðfræðiverkefni verða einnig unnin í Seesaw jafnt og þétt.

Námsmat:

Áfangapróf í lok hvers kafla/efnisþáttar.

Stutt verkefni/próf munnleg, skrifleg eða rafræn, í Seesaw eða Google classroom, tengd ákveðnum hæfniviðmiðum.

Vinna metin jafnt og þétt.

Yfirlitspróf í lok hvernar bókar/ ákveðinna efnispátta.

Umsagnir/einkunnir á annaskilum.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið – 5. bekkur	Hæfniviðmið/markmið – 6. bekkur	Hæfniviðmið/markmið – 7. bekkur
Spurt og svarað með stærðfræði	Nemandi: -Les stærðfræðitexta og áttar sig á því hvaða reikniaðgerðum skal beitt í hvert sinn. -Leysir einfaldar stærðfræðiþrautir þar sem nota þarf innsæi, áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir. -Setur fram, meðhöndlar og túlkar teikningar og myndrit. -Setur fram, meðhöndlar og túlkar einföld reiknilíkön.	Nemandi: -Spyr og tjáir sig munnlega um stærðfræði .-Leysir einfaldar stærðfræðiþrautir þar sem nota þarf innsæi, áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir. -Setur fram, meðhöndlar og túlkar teikningar og myndrit. -Setur fram, meðhöndlar og túlkar einföld reiknilíkön.	Nemandi: -Spyr spurninga í verkefnavinnu og prófar lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni. -Leysir stærðfræðiþrautir sem byggja á eigin reynslu og þekkingu. -Setur fram einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi og daglegu lífi.

<p>Tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</p>	<p>Nemandi: -Notar myndmál og texta jafnhliða stærðfræðitáknunum og áttar sig á tengslum þeirra. -Notar hentug verkfæri, s.s. hlutbundin gögn og vasareikni. -Vinnur með einfaldar formúlur. -Þekkir einföld stærðfræðitákn. -Tjáir sig munnlega og skriflega um stærðfræði.</p>	<p>Nemandi: -Notar myndmál og texta jafnhliða stærðfræðitáknunum og áttar sig á tengslum þeirra. -Notar hentug verkfæri, s.s. hlutbundin gögn, tölvur og vasareikni. -Vinnur með einfaldar formúlur. Þekkir einföld stærðfræðitákn. -Les stærðfræðitexta og áttar sig á því hvaða reikniaðgerðum skal beitt í hvert sinn. -Tjáir sig munnlega og skriflega um stærðfræði.</p>	<p>Nemandi: -Notar óformlegar aðferðir við lausn viðfangsefna annarsvegar og táknmál stærðfræðinnar hinsvegar og skilur tengsl þeirra. -Velur og notar hentug verkfæri, s.s. reiknirit, talnalínu, tölvur og vasareikni. -Þekkir einföld stærðfræðitákn og hugtök. -Vinnur með einfaldar formúlur. -Les stærðfræðitexta og beitir viðeigandi reikniaðferð. -Tjáir sig munnlega og skriflega um stærðfræði.</p>
--	--	--	---

<p>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</p>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Tekur þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaraðgerðir. -Vinnur einn og í samvinnu við aðra. -Les einfaldan texta þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir. 	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Tekur þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir og notar til þess tölur, texta og teikningar -Vinnur einn og í samvinnu við aðra. -Les einfaldan texta og notar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir. -Umreiknar verð í erlendan gjaldmiðil og öfugt. 	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Notar óformlegar aðferðir við lausn viðfangsefna annarsvegar og táknmál stærðfræðinnar hinsvegar og skilur tengsl þeirra. -Velur og notar hentug verkfæri, s.s. reiknirit, talnalínu, tölvur og vasareikni. -Þekkir einföld stærðfræðitákni og hugtök. -Vinnur með einfaldar formúlur. -Les stærðfræðitexta og beitir viðeigandi reikniaðferð. -Tjáir sig munnlega og skriflega um stærðfræði.
---	---	--	---

<p>Tölur og reikningur</p>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Beitir reikniaðgerðunum fjórum. -Kann margföldunartöfluna frá 1x til 10x. -Leysir viðfangsefni úr daglegu lífi með hugarreikningi. -Margfaldar og deilir í tveggja stafa tölur. -Þekkir almenn brot sem hluta af heild. -Leggur saman og dregur frá með einföldum almennum brotum. -Kann skil á hugtökunum teljari, nefnari og almennt brot. -Kann skil á tengslum almennra brota við tugabrot og prósentur -Notar tugakerfisrithátt og sýnir að hann hafi náð tókum á sætiskerfi. -Námundar með þriggja stafa tölu. 	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Beitir reikniaðgerðunum fjórum. -Beitir reikniaðgerðunum við pósitífar og negatífar tölur -Hefur fengið kynningu á frumtölu. -Kann margföldunartöfluna frá 1x til 10x og nýtir sér hana við úrlausnir dæma. -Kann deilingu og hefur skilning á hugtakinu afgangur. -Raðar tugabrotum eftir stærð. -Skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu. -Breytir tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot. -Beitir samlagningu og frádrætti á samnefnd brot og einföld ósamnefnd brot. -Raðar almennum brotum eftir stærð. -Styttir og lengir almenn brot -Beitir einföldum hlutfallareikningi -Notar tugakerfisrithátt og sýnir að hann hafi náð tókum á sætiskerfi. -Nýtir sér margföldunartöfluna í margföldun og deilingu. -Notar stærðfræðina til að takast á við verkefni úr daglegu lífi, aflar upplýsinga, vinnur úr þeim og finnur lausn. 	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Beitir reikniaðgerðunum fjórum. -Kann að finna frumtölur í tölum frá 1-100. -Kann margföldunartöfluna frá 1x til 10x. -Kann að finna ferningsrót af lágum ferningstölum. -Margfaldar og deilir í tugabrot. -Kann að reikna einfaldar prósentur. -Kann að reikna brot. -Raðar tugabrotum eftir stærð. -Kann að nota tugakerfisrithátt og hefur tók á sætiskerfi. -Nýtir sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna. -Raðar almennum brotum eftir stærð. -Kann að stytta og lengja almenn brot og finna samnefnara -Notar hlutföll í daglegu lífi, s.s. í uppskriftum og stærðum. -Þekkir hugtakið hlutfall og getur reiknað hlutfall af heild. -Kann að námunda.
----------------------------	---	---	--

		-Námundar með þriggja stafa tölum.	
Algebra	Nemandi: Notar bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum.	Nemandi: -Notar bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum. -Finnur lausn á einföldum jöfnum og ójöfnum bæði í huga og á blaði. -Þekkir og getur breytt á milli mælieininga í metrakerfinu	Nemandi: -Námundar með þriggja stafa tölum. -Rannsakar og setur fram talnamynstur. -Notar bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum. -Finnur lausnir á jöfnum og ójöfnum með því að nota víxl-, dreifi- og tengireglu. -Kann að forgangsraða aðgerðum.
Rúmfræði og mælingar	Nemandi: -Reiknar ummál. -Reiknar flatarmál. -Mælir þyngd og hitastig. -Þekkir rétt horn, gleitt horn og hvasst horn. -Þekkir gráður rétts horns. -Vinnur með tímaútreikning og tímaáætlanir. -Speglar, snýr og hliðrar. -Þekkir heiti helstu þrí- og ferhyrninga og helstu einkenni þeirra -Kann að nota gráðuboga til að mæla og teikna horn -Getur teiknað einfaldar flatarmálsmyndir.	Nemandi: -Getur teiknað einfaldar flatarmálsmyndir. -Reiknar ummál og flatarmál. -Mælir þyngd og tíma -Kynnist rúmmáli og vinnur með það. -Kynnist hugtakinu þyngd, tími og hitastig og vinnur með þau. -Áætla og mælir horn. -Þekkir rétt horn, hvasst horn og gleitt horn. -Þekkir gráður rétts horns. -Þekkir heiti og helstu eiginleika algengra tvívíðra forma. -Þekkir heiti og helstu eiginleika algengra þrívíðra forma.	Nemandi: -Þekkir topphorn og grannhorn og notar þá þekkingu við úrlausn verkefna. -Kann að áætla í staðaleiningum, s.s. metrum, grömmum og lítrum. -Kann að nota gráðuboga og mæla horn. -Þekkir rétt horn, hvasst horn og gleitt horn. -Mælir þyngd, tíma og hitastig. -Þekkir hornasummu þríhyrnings og ferhyrnings. -Kann að finna þvermál og geisla hrings. -Rannsakar og greinir tvívíð form og teiknar einfaldar flatarmálsmyndir.

	<p>-Reiknar ummál og flatarmál einfaldrar forma.</p>	<p>-Getur teiknað einfaldar flatarmálsmyndir.</p> <p>-Rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota hlutbundin gögn.</p> <p>-Reiknar flatarmál samsettra forma, rétthyrninga, þríhyrninga og ferninga.</p> <p>-Kann að lesa úr og vinna með mælikvarða</p> <p>-Notar hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.</p>	<p>-Teiknar þríhyrninga eftir gefnum stærðum.</p> <p>-Kann að spegla, snúa og hliðra.</p> <p>-Reiknar flatarmál samsettra forma, rétthyrninga, þríhyrninga og ferninga.</p> <p>-Mælir rúmmál í ml.</p> <p>-Þekkir tengslin á milli rúmmáls í lítrum, dm³, cm³ og millilítrum.</p> <p>-Reiknar út rúmmál teninga, réttstrendinga og þrístrendinga.</p> <p>-Reiknar ummál flatarmynda.</p> <p>-Vinnur með alla fjórðunga hnitakerfisins.</p> <p>-Skilur tengsl vegalengdar, hraða og tíma</p>
Tölfræði og líkindi	<p>Nemandi:</p> <p>-Aflar sér tölfræðilegra upplýsinga.</p> <p>-Þekkir hugtökin miðgildi og tíðasta gildi</p> <p>-Getur notað stafræn hjálpartæki við einfaldar tölfræðilegar kannanir og úrvinnslu</p>	<p>Nemandi:</p> <p>-Les og túlkar niðurstöður í myndritum</p> <p>-Aflar sér tölfræðilegra upplýsinga.</p> <p>-Framkvæmir einfaldar tölfræðirannsóknir og setur upp í einfalt myndrit.</p> <p>-Reiknar út líkur.</p>	<p>Nemandi:</p> <p>-Les úr einföldu myndriti.</p> <p>Veit að endurtekin tilraun getur gefið ólíkar útkomur og áttar sig á því hvað getur haft áhrif á líkur.</p> <p>Framkvæmir einfaldar tölfræðirannsóknir, vinnur og les úr niðurstöðum og setur upp einfalt myndrit.</p> <p>Reiknar meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi.</p>

Kennsluaðferðir og skipulag:

5.-7. bekkur: Unnið er út frá markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla, með fjölbreytilegum verkefnum sem tengjast hlustun, skilningi, samskiptum, ritun og frásögn. Í kennslunni er reynt að nota margs konar verkefni og leiki sem stuðla að því að nemendur öðlist færni í að nota tungumálið á fjölbreytilegan máta. Unnið er í kennslubókum, farið í leiki sem reyna á samskiptahæfni, athyglisgáfu og hlustun. Unnið er með ýmis konar verkefni fyrir einstaklinga, pör og hópa. Áhersla er lögð á að samskipti fari fram á ensku svo allir fái æfingu og sjálfsöryggi við að tjá sig. Námið er einstaklingsmiðað og nemendur hvattir áfram í námsframvindu.

Námsgögn:

5.-6. bekkur: Bókaflokkurinn *Portfolio- Build up 2*, léttlestrarbækur og ýmis verkefni er taka mið af þörfum og stöðu nemenda. Auk þess er eftir atvikum unnið með bækurnar *Hickory, Dickory, Dock*, Enskar málfræðiæfingar og ýmis önnur verkefni. Í kennslustundum er unnið í skriflegum æfingum sem eru einstaklingsmiðaðar en einnig er lögð áhersla á munnlegar æfingar.

7. bekkur: Unnið er í bókinni *Action*. Bækurnar *Hickory, Dickory og Dock* eru notaðar sem aukabækur en þar að auki velja nemendur sér léttlestrarbækur á ensku sem þeir segja frá eftir lesturinn. Þar að auki er notast við fjölbreytt tímaverkefni sem eru m.a. fengin úr bókunum *Write Right og Enskar málfræðiæfingar*. Í kennslustundum er unnið í skriflegum æfingum sem eru einstaklingsmiðaðar en einnig er lögð áhersla á munnlegar æfingar.

Námsmat:

Umsagnir/ einkunnir á annarskilum sem byggja á áhuga, virkni, framförum og vinnubrögðum nemanda.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið 5. bekkur	Hæfniviðmið/markmið 6. bekkur	Hæfniviðmið/markmið 7. bekkur
Hlustun	Nemandi:	Nemandi:	Nemandi:

	<p>-Skilur í meginatriðum efni tengt daglegu lífi og nýtir sér í verkefnavinnu.</p> <p>-Getur fylgt þræði í aðgengilegu efni og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.</p>	<p>-Skilur í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtir sér í verkefnavinnu.</p> <p>-Fylgir þræði í aðgengilegu efni og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.</p>	<p>-Skilur í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í verkefnavinnu, ræðu og riti.</p> <p>-Fylgir þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og geti sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.</p>
Lesskilningur	<p>-Les sér til gagns og gamans auðlesinn texta og vinnur með efni hans.</p>	<p>-Skilur megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og bregst við og fjallar um efni þeirra.</p> <p>-Finnur lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</p> <p>-Skilur leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf.</p> <p>-Les sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallar um efni þeirra.</p>	<p>-Skilur megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og bregst við og fjallar um efni þeirra.</p> <p>-Finnur lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</p> <p>-Skilur leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf.</p> <p>-Les sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallar um efni þeirra.</p>
Samskipti	<p>-Tekur þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</p> <p>-Notar málið sem samskiptamiðil í kennslustundum þegar við á.</p>	<p>-Tekur þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf, bjargar sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.</p> <p>-Notar málið sem samskiptamiðil í kennslustundum þegar við á.</p>	<p>-Tekur þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf</p> <p>-Getur bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.</p> <p>-Notar málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.</p>

Frásögn	<ul style="list-style-type: none"> -Segir hnökralítið frá reynslu og framtíðaráformum. -Segir frá og lýsir atburðum og athöfnum. -Flytur tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. 	<ul style="list-style-type: none"> -Segir hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum. Greinir frá og lýsir atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv. -Flytur einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu. 	<ul style="list-style-type: none"> -Segir hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum. -Greinir frá og lýsir atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv. -Flytur einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu.
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> -Semur texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. -Segir nokkuð lipurlega frá og bregst við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. -Lýsir atburðarás eða því sem hann hefur upplifað. 	<ul style="list-style-type: none"> -Skrifar texta af mismunandi gerðum með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagar máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda. -Semur texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. -Segir nokkuð lipurlega frá og bregst við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. -Lýsir atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> -Hefur kynnst grunnreglum í málfræði (s.s. sögnum í þátíð, einfaldri nútíð, nafnorðum í fleirtölu og stigbreytingu lýsingarorða). -Kann að nota sögnina to do (do/does). -Kann að nota sagnirnar have/has. -Þekkir óákveðinn greini a/an. -Nýtir sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasögn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. 	<ul style="list-style-type: none"> -Beitir grunnreglum í málfræði s.s. getur sett sagnorð í þátíð, kann einfalda og samsetta nútíð. -Kann spurnarfornöfnin og getur beitt þeim á réttan hátt. -Kann að nota sagnorðin have/has. -Getur sett nafnorð í fleirtölu. -Getur stigbreytt lýsingarorðum. 	<ul style="list-style-type: none"> -Kann að setja no. í fleirtölu. -Beitir grunnreglum í málfræði s.s. tíðum sagna, setur sagnir í þátíð, reglulegar/óreglulegar sagnir. -Getur stigbreytt lýsingarorðum. -Breytir grunnreglum í málfræði s.s. að nota spurnarfornöfnin. -Þekkir óákveðinn greini.

Menningarlæsi		-Áttar sig á skyldleika ensku málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.	-Sýnir fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu. -Sýnir fram á að hann áttar sig á skyldleika ensku við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.
Námshæfni	-Sýnir af sér góða hegðun, áhuga á náminu og viðleitni.	-Tekur þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnir öðrum tillitssemi. -Nýtir sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvél. -Sýnir af sér góða hegðun, áhuga á náminu og viðleitni.	-Tekur þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnir öðrum tillitssemi. -Nýtir sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvél. -Nýtir sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu. -Sýnir af sér góða hegðun, áhuga á náminu og viðleitni.

Námsgrein: Danska/norska

Bekkur: 7.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í kennslunni er reynt að nota margskonar kennsluaðferðir sem saman stuðla að því að nemendur öðlist færni í að nota tungumálið á fjölbreytilegan máta. Ýmist er unnið markvisst í kennslubókum, farið í leiki sem reyna á samskiptahæfni, athyglisgáfu og hlustun og unnin ýmiskonar verkefni í hópum eða einstaklingslega. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir veturinn. Lögð verður áhersla á talað mál og að nemendur öðlist grunn máltilfinningu á dönsku tungumáli.

Námsgögn:

Danska: Start lesbók, verkefnabók og hljóðefni.

Danska/norska: Málfræðiverkefni tekin saman af kennara, orðabækur, léttlestrarbækur og önnur verkefni frá kennara.

Einnig verður unnið með kvikmyndir með dönskum/norskum texta og tali, verkefni af vef og verkefni sprottin af áhuga hvers og eins.

Námsmat:

Lagt er mat á verkefnaskil og vinnubrögð og ástundun. Einnig verða lögð fyrir stutt verkefni/próf munnleg, skrifleg eða rafræn í Seesaw eða Google classroom, tengd ákveðnum hæfniviðmiðum.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið/markmið –
Hlustun	Nemandi: -Fylgir meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamstjáningu og nýtir sér upplýsingarnar í eigin verkefni. -Fylgir meginþræði í einföldu efni í myndmiðlum sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og vinnur úr. -Skilur einföld fyrirmæli í skólastofunni.
Lesskilningur	Nemandi: -Skilur megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum. -Finnur afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtir sér í verkefnavinnu. -Hefur tileinkað sér orðaforða þess viðfangsefnis sem fjallað er um hverju sinni.
Samskipti	Nemandi: -Spyr og svarar á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. -Miðlar einföldum upplýsingum til skólasystkina og kennara um efni tengt náminu. -Tekur þátt í samskiptaleikjum og samtalsæfingum.
